FÉLAGSDÓMUR

Dómur 24. nóvember 2026.

Mál nr. 6/2026:
Alþýðusamband Íslands f.h. Starfsgreinasambands Íslands
vegna Verkalýðsfélagsins Hlífar
(Leifur V. Gunnarsson lögmaður)
gegn
Sambandi íslenskra sveitarfélaga
vegna Hafnarfjarðarkaupstaðar
(Jóhannes Tómasson lögmaður)

Lykilorð
Kjarasamningur. Yfirvinna.

Útdráttur
Ágreiningur aðila laut einkum að því hvort fyrirkomulag Hafnarfjarðarkaupstaðar á vinnutíma félagsmanna Verkalýðsfélagsins Hlífar á leikskólum bæjarins, sem fól í sér 37 stunda vikulega vinnuskyldu með uppsöfnun einnar stundar á viku í svokallaðan „frítökubanka“ nema starfsmenn mótmæltu því sérstaklega, teldist heimil tilfærsla á vinnuskyldu samkvæmt kjarasamningi aðila eða hvort vinna umfram 36 virkar vinnustundir á viku teldist yfirvinna sem greiða bæri yfirvinnukaup fyrir. Félagsdómur komst að þeirri niðurstöðu að skilyrðum kjarasamningsins um tilflutning vinnutíma vegna takmarkaðrar starfsemi hluta úr ári væri ekki fullnægt gagnvart leikskólum stefnda, auk þess sem ekki hefði verið sýnt fram á að samið hefði verið við starfsfólk um tilflutning vinnuskyldu milli vikna eða árstíða, enda byggðist fyrirkomulagið á einhliða tilkynningum og neikvæðu samþykki og óljóst af hvaða tímabili vinnuskylda var flutt. Var því fallist á viðurkenningarkröfur stefnanda um að vinna félagsmanna stefnanda á leikskólum hjá stefnda umfram 36 virkar vinnustundir á viku teldist yfirvinna og að stefnda bæri að greiða yfirvinnukaup fyrir hana.

Dómur Félagsdóms

Mál þetta var dómtekið 27. október 2026.

Málið dæma Ásmundur Helgason, Björn L. Bergsson, Hólmfríður Grímsdóttir, Karl Ó. Karlsson og Stefán Ólafsson.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, fyrir hönd Starfsgreinasambands Íslands, bæði með aðsetur í Guðrúnartúni 1 í Reykjavík, vegna Verkalýðsfélagsins Hlífar, Reykjavíkurvegi 64 í Hafnarfirði.

Stefndi er Samband íslenskra sveitarfélaga, Borgartúni 30 í Reykjavík, vegna Hafnarfjarðarkaupstaðar, Strandgötu 6 í Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda

1 Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi að vinna félagsmanna stefnanda, sem starfa á leikskólum hjá stefnda, umfram 36 virkar vinnustundir á viku, sé yfirvinna í skilningi greinar 2.3.1 í kjarasamningi milli SGS og SÍS. Stefnandi krefst þess enn fremur að viðurkennt verði með dómi að stefndi skuli greiða félagsmönnum stefnanda sem starfa á leikskólum hjá stefnda yfirvinnutaxta samkvæmt grein 1.5.1 í kjarasamningi milli SGS og SÍS fyrir vinnu umfram 36 virkar vinnustundir á viku. Að lokum krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda

2 Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Málavextir

3 Milli stefnanda, Verkalýðsfélagsins Hlífar, og stefnda, Hafnarfjarðarkaupstaðar, er í gildi kjarasamningur Starfsgreinasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga með gildistíma frá 1. apríl 2024 til 31. mars 2028. Sá kjarasamningur tekur meðal annars til starfa félagsmanna stefnanda sem vinna á leikskólum hjá stefnda.

4 Í kafla 2.1 í kjarasamningnum er fjallað almennt um vinnutíma. Þar er kveðið á um að 1. nóvember 2024 taki gildi breyting á grein 2.1.1 sem felur í sér að vinnuvika starfsfólks breytist úr 40 vinnustundum í 36 virkar vinnustundir. Er ákvæðið núna svohljóðandi: „Vinnuvika starfsfólks í fullu starfi er 36 virkar vinnustundir. Heimilt er að semja við starfsfólk um tilflutning vinnuskyldu milli vikna eða árstíða.“

5 Í grein 2.1.1.1 er kveðið á um vinnutíma starfsmanna, þar sem starfsemi er „takmörkuð hluta úr ári, s.s. í grunnskóla“. Samkvæmt greininni er heimilt að haga vinnutíma starfsmanna með þeim hætti að þeir vinni af sér, á starfstíma stofnunar, þá daga sem starfsemin er takmörkuð. Skuli það gert með því að dreifa þeim tíma sem starfsemin „er takmörkuð liggur niðri“ sem jafnast á þá daga sem stofnunin starfar, nema að samkomulag sé um annað við einstaka starfsmenn. Nánar er vikið að framkvæmd dreifingar á vinnuskyldu í næstu liðum greinarinnar.

6 Í kafla 2.3 í kjarasamningi aðila er fjallað um yfirvinnu. Samkvæmt grein 2.3.1 telst yfirvinna sú vinna sem fram fer utan tilskilins daglegs vinnutíma eða vaktar starfsmanns svo og vinna sem innt er af hendi umfram vikulega vinnutímaskyldu þótt á dagvinnutímabili sé. Í grein 2.3.7 kemur fram að öll yfirvinna skuli greidd eftir á fyrir hvern mánuð eða hverja þrjátíu daga og komi til útborgunar eigi síðar en 15 dögum eftir síðasta dag reikningstímabils. Í grein 2.3.10 er síðan mælt fyrir um heimild starfsmanns, með samkomulagi við vinnuveitanda, að safna allt að tíu frídögum á ári vegna yfirvinnu, þannig að „yfirvinnutímar komi til uppsöfnunar“ en yfirvinnuálag skal greitt við næstu reglulegu útborgun. Í greininni er tekið fram að yfirvinnuálag nemi 44,44% af yfirvinnutímakaupi starfsmanns og að óheimilt sé að taka það út í fríi.

7 Í kjarasamningi aðila er tók gildi 1. apríl 2024 var einnig mælt fyrir um að 1. nóvember 2024 yrðu ákveðnar breytingar á grein 1.5.1 sem fjallar um greiðslu fyrir yfirvinnu. Samkvæmt greininni er yfirvinna greidd með tímakaupi, sem skiptist í yfirvinnu 1, sem er 0,9385% af mánaðarlaunum, og yfirvinnu 2, sem er 1,0385% af mánaðarlaunum. Þar er síðan nánar vikið að því hvenær greiða skuli yfirvinnu 1 og hvenær yfirvinnu 2.

8 Í greinargerð stefndu er því haldið fram að í kjölfar þeirra breytinga sem urðu á grein 2.1.1 í kjarasamningnum 1. nóvember 2024 hafi félagsmenn stefnanda leitað eftir því að ófaglærðum starfsmönnum leikskóla stefnda yrði gefinn kostur á tilflutningi vinnustunda þannig að þeir gætu safnað upp frídögum, sem hægt væri að nota á svokölluðum skráningardögum, þegar starfsemin væri takmörkuð. Hafi stefndi tekið það til athugunar og leitað meðal annars upplýsinga um hvernig þessu væri fyrir komið í öðrum sveitarfélögum.

9 Í málinu liggja fyrir tölvupóstsamskipti milli formanns stefnanda og mannauðsstjóra stefnda frá 23. til 29. janúar 2025. Upphaflega lutu samskiptin að athugasemdum af hálfu stefnanda við orðalag tilkynningar, sem mun hafa verið sett upp á upplýsingatöflu í leikskóla í bænum, en hún laut að styttingu „vinnuvikunnar hjá Hlífarfólki“. Benti formaður stefnanda á að ekki væri í kjarasamningnum lengur samið um styttingu vinnuviku, heldur væri vinnuvikan 36 klukkustundir. Vinna umfram það væri yfirvinna. Í svari mannauðsstjóra stefnda var tekið fram að eðlilegt væri að umræða skapaðist um „tilflutning á vinnuskyldu“, sem heimilt væri að semja um og vísaði þá til greina 2.1.1 og 2.1.1.1. Lýsti mannauðsstjórinn að verið væri að vinna í því að finna út hvað hentaði best fyrir „starfsmenn og vinnustaðinn“ í því efni. Í svarbréfi við þessu áréttaði formaður stefnanda að vinnuvikan væri 36 stundir samkvæmt kjarasamningi og stytting vinnuvikunnar heyrði sögunni til. Fram kom að grein 2.1.1 ætti ekki við um vinnu umfram 36 klukkustundir á viku, heldur grein 2.3.10. Mannauðsstjórinn svaraði nokkrum dögum síðar og kvaðst hafa leitað álits Sambands íslenskra sveitarfélaga. Samkvæmt því væri alveg skýrt að „tilfærsla á vinnuskyldu [kallaði] ekki á yfirvinnu“ og að slík tilfærsla væri „bæði hagur starfsmanna og bæjarins.“ Var upplýst að stefnt væri að því að kynna á næstunni fyrirkomulag sem miðaði að því að allir skóla- og frístundaliðar ynnu 37 stunda vinnuviku og söfnuðu upp einum tíma á viku sem þeir gætu notað til frítöku á „eftirsóttum frídögum eins og kringum jól og dymbilviku“ eða á öðrum tíma ef hentaði.

10 Stefndi tilkynnti í febrúar 2025 um slíkt fyrirkomulag undir yfirskriftinni „Tilflutningur á vinnuskyldu, hægt að safna 46 tímum yfir árið til að nýta fyrir frí.“ Kom þar fram að með nýjum kjarasamningi væri opnað á tilflutning vinnuskyldu milli vikna og árstíða. Hafi það verið rík krafa frá starfsfólki leikskóla sem væru í stefnanda að geta safnað upp tímum til að taka í frí á dögum sem væru vinsælir til frítöku. Síðan segir orðrétt:

> Til að koma til móts við þessar óskir verður gerð sú breyting að frá og með 1. mars nk. verður vinnuskylda þessara starfsmanna í fullu starfi 37 tímar á viku. Með þessu fyrirkomulagi safnar starfsfólk 1 klukkutíma í „frítökubanka“ sem tímaskráningarkerfið okkar Vinnustund heldur utan um. Starfsfólk í hlutastarfi safnar upp í frítökubankann miðað við starfshlutfall. Þegar starfsmaður tekur úr „frítökubankanum“ er sett inn fjarvistarskráningin, „***Tilfærsla á vinnuskyldu í leikskólum***“. Þessi breyting verður gerð fyrir alla leikskóla- og frístundaliða.
>
> Ef starfsfólk vill **ekki** þetta nýja fyrirkomulag og ekki safna upp tímum þarf að láta yfirmann vita sem upplýsir launadeild og viðkomandi verður áfram með 36 stunda vinnuviku.
>
> Gert er ráð fyrir að fyrirkomulagið um tilflutning á vinnuskyldu gildi að lágmarki til árs í senn (almanaksárs) og haldist nema starfsmaður óski breytinga sem taka þá gildi um áramót. Ósk um breytingu þarf að senda til yfirmanns skriflega ekki seinna en 1. nóvember fyrir næstkomandi almanaksár.
>
> Horft er á almanaksárið í þessari uppsöfnun og þarf að taka uppsafnaðan tíma út innan almanaksársins.

Nánar er vikið að þessu fyrirkomulagi í sex töluliðum í tilkynningunni. Þar kemur meðal annars fram að skammtímaveikindi hefðu ekki áhrif á söfnunina, en að ekki safnaðist í bankann í langtímaveikindum, fæðingarorlofi, í öðru orlofi eða launalausu leyfi. Þá sagði þar að reynt væri eftir fremsta megni að koma til móts við óskir starfsmanna um frídaga, en mönnun leikskólans væri alltaf í forgangi.

11 Stefnandi sendi stefnda 1. mars 2025 tölvupóst sem hafði að geyma álit lögmanns Alþýðusambands Íslands á framangreindu fyrirkomulagi. Þar kom fram sú afstaða að ekki stæði heimild til tilfærslu vinnuskyldu líkt og stefndi hefði útfært. Ekki væri hægt að byggja á grein 2.1.1 í kjarasamningnum til stuðnings fyrirkomulaginu og grein 2.1.1.1 ætti eingöngu við um starfsemi þar sem starf lægi niðri hluta úr ári, svo sem í grunnskólum. Vinnustaðir gætu ekki eftir hentisemi valið að beita annað hvort grein 2.1.1 eða grein 2.3.10 sem fjalli um frí vegna yfirvinnu. Í tölvupóstinum er síðan fundið að ýmsu við framangreint fyrirkomulag. Þar segir meðal annars orðrétt:

> Það er á engan hátt afstaða Hlífar að mótmæla því eða koma í veg fyrir það að starfsfólk safni sér upp stundum til frítöku á eftirsóttum tímabilum, síður en svo. En þegar farið er af stað í slíka vegferð þarf að gæta að rétti fólks. Fyrir það fyrsta er með öllu óheimilt að setja á slíkt form sem lagt er upp með, þ.e. að fólki sé ekki gefinn valkostur, veitt gegnsæi við ákvörðunartöku og frestir virtir. Ekki er heimilt að notast við neikvætt samþykki aðila, eða það að fólki sé tilkynnt um svo umfangsmiklar breytingar sem hér eru uppi og það þurfi sjálft að mótmæla þeim breytingum vilji það ekki una þeim. Öfugt skal farið að og gert skal jákvætt samþykki fyrir breyttum vinnutíma.

12 Erindi stefnanda var svarað með bréfi stefnda 31. mars 2025. Þar segir orðrétt:

> Það er rétt að meginreglan um breytingar á vinnutíma er að starfsfólk eigi að samþykkja breytinguna en í þessu máli er staðan önnur þar sem mjög rík krafa er frá flest öllu

> starfsfólki í Hlíf, sem starfa í leikskólum, að geta safnað upp tímum til þess að geta tekið um t.d. jól, páska eða á öðrum tyllidögum. Því var litið svo á að þessi leið væri ákjósanlegri í þetta skiptið og bjóða þeim sem ekki kjósa að safna upp frítöku að láta yfirmann vita af því og þeir starfsmenn halda áfram eðlilegri vinnuskyldu, þ.e.a.s. 7,2 klukkustundir á dag eða 36 tíma á viku allt árið um kring.
>
> Þess ber að geta að enginn starfsmaður er skyldaður í frítöku, það er allt gert með samþykki starfsfólks. […]
>
> Ef Hlíf er ekki sátt við þetta fyrirkomulag er það hins vegar ekkert mál að afturkalla þessa breytingu sé hún í óþökk ykkar þrátt fyrir ákall starfsmanna verkalýðsfélagsins. Vinnufyrirkomulag starfsfólks yrði þá aftur sú sama 7,2 tíma á dag eða 36 tíma á viku, allt árið um kring.

13 Stefnandi svaraði erindinu 21. október 2025. Kom þar meðal annars fram að samþykki þyrfti fyrir tilflutningi á vinnuskyldu, auk þess sem ítrekað var að ekki væri ágreiningur um að starfsfólk safnaði sér upp tíma til frítöku. Hins vegar þyrfti að greiða því í samræmi við kjarasamning, sbr. grein 2.3.10. Var þessi túlkun stefnanda síðan áréttuð í tölvupósti 23. október 2025.

14 Stefndi sendi stefnanda álit Sambands íslenskra sveitarfélaga 3. nóvember 2026. Í álitinu kemur meðal annars fram að sambandið væri ósammála túlkun stefnanda, ekki væri nauðsynlegt að greiða álag eins og stefnandi héldi fram.

15 Í málinu liggur fyrir tilkynning stefnda frá nóvember 2025 um endurskoðað fyrirkomulag við tilflutning vinnuskyldu starfsmanna stefnanda sem starfa á leikskólum bæjarins. Er fyrirkomulagið að mestu eins og lýst hafði verið í febrúar 2025, en var með tilkynningunni framlengt frá og með 1. mars 2026.

16 Við aðalmeðferð málsins gaf varaformaður stefnanda, Gundega Jaunlinina, skýrslu.

Málsástæður og lagarök stefnanda

17 Stefnandi kveðst byggja málatilbúnaðinn sinn á ákvæðum kjarasamnings sem gildi milli stefnanda og stefnda. Grundvallist kröfur stefnanda einkum á því að vinna leikskólastarfsmanna hjá stefnda umfram fulla vinnuskyldu, sem séu 36 virkar vinnustundir í viku, sbr. grein 2.1.1, sé yfirvinna í skilningi kjarasamningsins, sbr. grein 2.3.1, og að fyrir þá vinnu skuli greiða yfirvinnutaxta, sbr. grein 1.5.1. Stefnandi byggi á meginreglu samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi gerðra samninga, sem og meginreglum vinnuréttar og opinbers starfsmannaréttar, þar með talið að stefnda sé óheimilt að viðhafa vinnufyrirkomulag sem samræmist ekki ákvæðum kjarasamnings og að fyrir vinnu umfram full vinnuskil skuli greiða yfirvinnu.

18 Stefnandi grundvallar dómkröfu sína á því að ákvæði kjarasamnings mæli fyrir um greiðslu yfirvinnukaups þegar dagvinnutíma sé lokið. Kveðið sé á um í grein 2.3.1 að yfirvinna teljist meðal annars vinna sem innt sé af hendi umfram vikulega vinnutímaskyldu þótt á dagvinnutímabili sé og grein 1.5.1 skýri hvernig greiða skuli starfsmönnum vegna þeirrar yfirvinnu, eins og þar er nánar rakið.

19 Stefnandi vísar til þess að í grein 2.3.7 í kjarasamningnum segi að öll yfirvinna skuli greidd eftir á fyrir hvern mánuð eða hverja þrjátíu daga og komi til útborgunar eigi síðar en 15 dögum eftir síðasta dag reikningstímabils. Þó komi fram í grein 2.3.10 að heimilt sé starfsmanni, með samkomulagi við vinnuveitanda, að safna allt að 10 frídögum á ári vegna yfirvinnu, á þann hátt að yfirvinnutímar komi til uppsöfnunar en yfirvinnuálagið skuli greitt við næstu reglulegu útborgun, eins og þar er nánar rakið.

20 Stefnandi kveður kröfu sína grundvallast á því að stefnda sé heimilt að skipuleggja vinnu á leikskólum þannig að starfsmenn vinni 37 tíma í viku, það er einum tíma umfram kjarasamningsbundna vikulega vinnuskyldu, í samræmi við grein 11.1.5.1 í kjarasamningi. Hins vegar skuli stefndi greiða starfsmönnum yfirvinnuna í lok þess mánaðar sem hún er unnin í samræmi við grein 2.3.7, sé ekki til staðar samkomulag á milli starfsmanns og vinnuveitanda um að starfsmaður safni allt að 10 frídögum á ári vegna yfirvinnu, en fái yfirvinnuálagið greitt við næstu útborgun, sbr. grein 2.3.10. Stefnandi árétti að þessi ákvæði hafi ekki að geyma undantekningar sem víki frá þeirri meginreglu að greiða skuli yfirvinnu eftir að fullum vinnuskilum sé náð.

21 Stefnandi kveðst einnig byggja á því að ákvæði greinar 2.1.1 í kjarasamningi um tilflutning vinnuskyldu eigi ekki við um starfsfólk leikskóla hjá stefnda, eins og stefndi haldi fram. Um sé að ræða undantekningu frá meginreglu kjarasamnings um skipulag vinnutíma og því skuli ekki túlka ákvæðið víðtækar en eftir orðanna hljóðan. Stefnandi telji að ákvæðið gildi eingöngu um tilflutning vinnuskyldu við sérstakar aðstæður, svo sem við vaktavinnu þar sem vinna geti orðið breytileg milli vikna eftir vaktakerfum svo og hjá þeim sem sinni árstíðarbundinni vinnu þar sem álag sé aukið yfir eina árstíð á móti minna álagi á öðrum árstíðum. Um það snúist tilvitnunin í „vikur“ og „árstíðir“ í ákvæðinu. Hefði ætlunin verið að hafa heimildina opna hefði að mati stefnanda verið óþarft að marka ákvæðinu lokaða heimild innan þeirra tveggja liða.

22 Það sé að auki skýrt samkvæmt ákvæðinu að slíkur tilflutningur vinnutíma skuli byggja á samningum við starfsmenn, en slíkum samningum sé ekki til að dreifa milli félagsmanna stefnanda annars vegar og stefnda hins vegar. Þvert á móti hafi stefndi hagað skipulagi á vinnutíma með þeim hætti sem lýst hafi verið og tekið ákvörðun um það einhliða. Þar að auki verði að gera ráð fyrir að samningar um tilflutning vinnuskyldu milli vikna eða árstíða tilgreini með skýrum hætti hvaða tímabil eigi undir, það er á milli hvaða tímabila sé verið að flytja vinnuskyldu. Slík lýsing liggi ekki fyrir.

23 Að mati stefnanda þurfi að liggja skýrt fyrir hvenær taka frídaga fari fram, enda heimili ákvæði kjarasamnings ekki atvinnurekanda að ákveða einhliða að starfsmaður skuli taka sér ólaunaðan frídag á tilteknum degi. Í þessu samhengi sé bent á að kjarasamningur hafi að geyma ákvæði um þá daga sem séu skilgreindir sem frídagar, sbr. greinar 2.1.4.1 til 2.1.4.3, og þá meginreglu vinnuréttar að atvinnurekanda beri að greiða starfsmanni í samræmi við ráðningarsamningsbundið starfshlutfall hvort sem hann sé með verkefni fyrir þá eða ekki.

24 Loks sé það mat stefnanda að stefndi geti ekki byggt á heimild í grein 2.1.1.1 enda sé hún sérstaklega afmörkuð við vinnustaði sem séu með takmarkaða starfsemi hluta út ári og í því sambandi beinlínis fjallað um grunnskóla þar sem starfsemi liggi niðri hluta úr ári vegna ákvörðunar um skólaárið. Starfsemi leikskóla sé hins vegar ekki sambærileg starfsemi grunnskóla að þessu leyti. Leikskólar séu ekki árstíðabundnir á sama hátt og grunnskólar, enda að jafnaði opnir allan ársins hring, þó undantekningar geti verið á því vegna sumarorlofa starfsmanna og nemenda.

Málsástæður og lagarök stefnda

25 Stefndi mótmælir öllum málsástæðum stefnanda og krefst sýknu. Hann tekur fram að þó að málið varði eingöngu réttarsamband leikskólastarfsmanna, sem eru í stéttarfélaginu Hlíf, og Hafnarfjarðarkaupstaðar, fyrirkomulag tilflutnings á vinnuskyldu þeirra á milli og hvort staðið hafi verið að slíku með réttum hætti, lúti viðurkenningarkrafa stefnanda að réttarsambandi stefnanda og stefnda almennt. Af því leiði að færi svo að fallist yrði á kröfur stefnanda, eins og þær séu settar fram, myndi það leiða til þess að öll vinna félagsmanna stefnanda, sem starfi á öllum leikskólum hjá sveitarfélögum innan aðildar stefnda, myndi teljast yfirvinna og að greiða skyldi þeim félagsmönnum yfirvinnu samkvæmt grein 1.5.1. Þótt stefndi mótmæli því að fyrirkomulagið sem um sé deilt í máli þessu hafi verið óheimilt eða ólögmætt, liggi ekkert fyrir um að þeir annmarkar eða ágallar, sem stefnandi byggi á að séu fyrir hendi í tilviki Hafnarfjarðarkaupstaðar og Hlífar, svo sem um skort á fullnægjandi samningi og þess háttar, eigi við um önnur sveitarfélög. Stefndi mótmæli þessari framsetningu á kröfugerð stefnanda sérstaklega, enda hvort tveggja vanreifað, þannig að kunni að varða frávísun málsins án kröfu, og ósannað að fyrirkomulag vinnuskyldu í öðrum sveitarfélögum sé með einhverjum hætti ólögmætt.

26 Kveðst stefndi byggja á því að tilfærsla Hafnarfjarðarkaupstaðar sé í fullu samræmi við greinar 2.1.1 og 2.1.1.1 í kjarasamningi aðila og því ekki yfirvinna. Vísar stefndi til þess að stefnandi byggi á því að þótt heimilt sé að skipuleggja vinnu á leikskólum, þannig að starfsmenn vinni 37 tíma á viku, grundvallist slíkt á grein 11.1.5.1 í kjarasamningi aðila. Því beri stefnda að greiða starfsmönnum yfirvinnu í lok hvers mánaðar í samræmi við grein 2.3.7, enda sé ekki samkomulag til staðar á milli starfsmanns og vinnuveitanda um að hann safni allt að 10 frídögum á ári, sbr. grein 2.3.1. Þessu andmælir stefndi. Yfirvinna teljist sú vinna sem fram fari utan tilskilins daglegs vinnutíma og sú vinna sem innt sé af hendi umfram vikulega vinnutímaskyldu, sbr. gr. 2.3.1 kjarasamnings aðila. Fyrirkomulag Hafnarfjarðarkaupstaðar feli ekki í sér vinnu umfram vikulega vinnutímaskyldu, heldur sé vikuleg vinnutímaskylda aukin um klukkustund, en vinnuskyldudagar séu að sama skapi færri en hjá starfsmanni sem vinni 36 tíma á viku allt árið.

27 Þá byggi fyrirkomulag Hafnarfjarðarkaupstaðar á ákvæðum kjarasamnings stefnanda og stefnda um heimild vinnuveitanda, á þeim stöðum þar sem starfsemi er takmörkuð

hluta úr ári, til að haga vinnutíma starfsmanna með þeim hætti að starfsmenn vinni af sér á starfstíma stofnunar þá daga sem starfsemi er takmörkuð, sbr. grein 2.1.1.1.

28 Hvað sem framangreindu líði árétti stefndi að tilfærsla vinnuskyldu hjá leikskólum Hafnarfjarðarkaupstaðar byggi einnig á samkomulagi bæjarfélagsins við leikskólastarfsmenn í Hlíf og sé þannig hvort tveggja í samræmi við grein 2.1.1.1 og grein 2.1.1, þótt um aðskilin ákvæði sé að ræða. Því sé mótmælt að um einhliða fyrirkomulag hafi verið að ræða. Bendir stefndi í því sambandi á að fyrirkomulagið hafi verið innleitt vegna ákalls félagsmanna í stefnanda og vegna áhuga starfsfólks, að setja fyrirkomulagið fram sem meginreglu fremur en að óska eftir jákvæðu samþykki hvers og eins starfsmanns. Jafnframt árétti stefndi að starfsmönnum sé ávallt frjálst að biðjast undan fyrirkomulaginu. Þannig byggi tilfærsla vinnuskyldu á samþykki starfsmanns og sé í engum tilvikum bindandi fyrir þá. Þannig liggi fyrir samkomulag og samþykki samkvæmt greinum 2.1.1 og 2.1.1.1 og geti ekki haft úrslitaáhrif þótt ekki hafi verið gerður skriflegur samningur við hvern og einn starfsmann.

29 Í framangreindu samhengi áréttar stefndi að aldrei hafi komið krafa frá stefnanda um að vikulegir vinnutímar verði 36 tímar í samræmi við grein 2.1.1, og væri ekki gerð krafa um það í máli þessu. Þá tekur stefndi fram að ríkt sátt sé um fyrirkomulagið og hafi stefnandi komið því ítrekað á framfæri í samskiptum aðila, að hann hafi ekki viljað víkja frá meginatriðum þess, þótt einsýnt sé að forsendur fyrir slíkri tilhögun myndu bresta ef fallist yrði á kröfur stefnanda. Því hvíli málatilbúnaður í reynd á þeirri forsendu að félagsmenn stefnanda hafi samþykkt tilfærsluna.

30 Stefndi hafnar sömuleiðis þeim málatilbúnaði stefnanda að ákvæði greina 2.1.1 og 2.1.1.1 geti ekki átt við um leikskólastarfsmenn. Í fyrsta lagi mótmælir hann því að grein 2.1.1 sé bundin við vaktavinnufólk og þau sem sinni árstíðarbundinni vinnu. Af orðskýringu greinarinnar leiði að heimildin sé fjarri lagi bundin við vinnu af slíkum toga, heldur sé eingöngu vísað til þess að heimilt sé að semja um tilflutning vinnuskyldu „milli vikna eða árstíða“. Hefði það verið ætlun samningsaðila að takmarka þessa heimild til tilfærslu við vaktavinnufólk eða þau sem sinni árstíðabundinni vinnu hefði slíkt komið skýrlega fram í ákvæðum kjarasamningsins, sem líkt og önnur ákvæði kjarasamninga sæti hefðbundinni orðskýringu. Séu enda fjölmörg dæmi þess í ákvæðum kjarasamningsins, meðal annars í grein 2.1.1.1, að talið sé upp í dæmaskyni til hvers konar starfa eða starfstegunda vísað sé til.

31 Enn fremur fjalli grein 2.1.1 um almennan vinnutíma, en fjallað sé sérstaklega um vaktavinnu í grein 2.6, sem hafi meðal annars að geyma skýr ákvæði um skipulag vaktavinnumanna með vaktskrá, sbr. grein 2.6.2. Telji stefndi því augljóst að ákvæði greinar 2.1.1, sem veiti meðal annars heimild til tilfærslu á vinnuskyldu, eigi ekki einungis við um þá sem vinni í vaktavinnu heldur einnig – og öðru fremur – þá sem starfi á hefðbundnum dagvinnutíma.

32 Stefndi kveðst alfarið hafna því að fyrirkomulagið geti ekki byggst á grein 2.1.1.1, enda sé starfsemi leikskóla sannarlega takmörkuð hluta úr ári og þjónusta skert sem því nemi. Starfsemi leikskóla liggi niðri yfir hásumar auk þess sem starfsemi sé takmörkuð á svokölluðum skráningardögum, sem séu þeir dagar þar sem ákjósanlegast væri fyrir starfsmenn að eiga frí frá vinnu. Vísar stefndi um þetta til leikskóladagatals Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrri umfjöllunar. Sömuleiðis vísi stefndi til þess að faglærðir leikskólakennarar taki þegar út sitt „frí“ á slíkum dögum, sem renni enn frekari stoðum undir að starfsemi sé takmörkuð á þeim dögum. Enn fremur hafni stefndi því að ákvæðið nái einungis til grunnskóla, þótt þeir séu taldir upp í dæmaskyni í greininni og ljóslega ekki í tæmandi talningu. Þar sem um sé að ræða almennt vinnutímaákvæði kjarasamnings blasi við að mati stefnda að kveða hefði þurft skýrlega á um slíka takmörkun í ákvæðinu, hafi vilji samningsaðila staðið til þess að takmarka ákvæðið við starfsemi grunnskóla.

33 Þá mótmælir stefndi því að ekki hafi verið tilgreint sérstaklega í fyrirkomulagi Hafnarfjarðarkaupstaðar hvaða tímabil ætti undir; þvert á móti komi fram að gert sé ráð fyrir því að fyrirkomulagið gildi að lágmarki til árs í senn og haldist nema starfsmaður óski breytinga, sem þá taki gildi næstu áramót. Hvað sem því líði hafni stefndi því að þörf hafi verið á slíkri tilgreiningu sérstaklega enda væri engin stoð fyrir slíkri ályktun. Sömuleiðis sé fyrirkomulagið skýrlega tilgreint í tilkynningu Hafnarfjarðar og sé því enginn vafi um hvernig tilflutningi sé háttað.

34 Að endingu áréttar stefndi að starfsmenn fái ávallt laun fyrir þá daga sem starfsmenn vinni af sér samkvæmt fyrirkomulaginu, auk þess sem ekki væri um að ræða frídaga í skilningi greina 2.1.4.1 og 2.1.4.3, heldur tilfærslu á vinnuskyldu, líkt og áður segi, með færri vinnuskyldudögum yfir árið en ella. Hafi ekki úrslitaáhrif þótt hugtakið „frí“ hafi verið notað í samskiptum aðila í því sambandi enda hafi það almennari og víðtækari skírskotun. Þá hafi fyrirkomulag tilfærslu á vinnuskyldu lengi tíðkast, svo sem í kennarastéttum í grunn- og framhaldsskóla. Sé málsástæðum þar að lútandi í stefnu þannig andmælt, enda sé ekki um að ræða ákvörðun um að starfsmaður taki ólaunaðan frídag. Sömuleiðis felist í stjórnunarrétti vinnuveitanda að honum sé heimil tilfærsla á vinnuskyldu í samræmi við þarfir starfsemi hlutaðeigandi vinnustaðar. Geri ákvæði greinar 2.1.1.1 raunar beinlínis ráð fyrir því að slík heimild sé til staðar og sé það öðrum þræði tilgangur ákvæðisins að mæla fyrir um tilhögun vinnuskyldu við slíkar aðstæður. Með vísan til alls framangreinds verði að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Niðurstaða

35 Af hálfu stefnanda er um lögsögu Félagsdóms í máli þessu vísað til 3. töluliðar 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. þeirra laga gilda þau um alla starfsmenn sem eru félagar í stéttarfélögum, sem samkvæmt 4. og 5. gr. laganna hafa rétt til að gera kjarasamninga samkvæmt þeim, og eru ráðnir hjá ríkinu, ríkisstofnunum, sveitarfélögum eða stofnunum þeirra með

föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum, enda verði starf þeirra talið aðalstarf. Ákvæði laganna taka aftur á móti ekki til nokkurra flokka starfsmanna sem tilgreindir eru í 2. mgr. 1. gr. laganna. Samkvæmt 3. tölulið þeirrar málsgreinar taka lögin til dæmis ekki til starfsmanna stofnana og fyrirtækja ríkis og sveitarfélaga þegar kaup þeirra og kjör fara eftir kjarasamningum stéttarfélaga þeirra og vinnuveitenda, sbr. lög nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

36 Ekki liggur fyrir að Starfsgreinasamband Íslands, fyrir hönd stéttarfélaga sem eiga aðild að sambandinu, þeirra á meðal Verkalýðsfélagsins Hlífar, hafi heimild til að gera kjarasamning samkvæmt 4. eða 5. gr. laga nr. 94/1986. Slíka heimild til að gera kjarasamning við atvinnurekendur fyrir hönd félagsmanna aðildarfélaganna hefur Starfsgreinasamband Íslands aftur á móti á grundvelli almennrar reglu 5. gr. laga nr. 80/1938. Verður samkvæmt því að líta svo á að um lögsögu Félagsdóms í málinu fari eftir 44. gr. þeirra laga.

37 Mál þetta lýtur að ágreiningi milli stefnanda og stefnda um skilning á kjarasamningi sem gildir milli þeirra. Það heyrir því undir Félagsdóm að dæma í málinu samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938.

38 Í málinu krefst stefnandi viðurkenningar á því að vinna leikskólastarfsfólks, sem starfar hjá stefnda og eru félagsmenn í stefnanda, umfram 36 virkar vinnustundir, teljist yfirvinna í skilningi greinar 2.3.1 í kjarasamningi aðila. Jafnframt að greiða skuli þeim yfirvinnukaup samkvæmt grein 1.5.1 fyrir vinnu umfram 36 virkar vinnustundir á viku.

39 Dómurinn lítur svo á að kröfugerð stefnanda sé aðallega reist á því, að samkvæmt tilgreindum ákvæðum kjarasamningsins skuli vinna umfram 36 virkar vinnustundir ávallt teljast yfirvinna, sem greiða eigi fyrir með yfirvinnukaupi eða eftir atvikum frítöku samkvæmt grein 2.3.10, ásamt yfirvinnuálagi er nemi 44,44% af yfirvinnutímakaupi. Ber að skilja málatilbúnað stefnanda að þessu leyti á þann veg að framangreint eigi við óháð því hvort samningur hafi verið gerður um tilflutning vinnuskyldu milli vikna eða árstíða samkvæmt grein 2.1.1 í kjarasamningnum. Að því frágengnu leggur dómurinn til grundvallar að stefnandi líti svo á að fallast beri á viðurkenningarkröfur hans um þau starfskjör leikskólastarfsfólks sem þar er lýst, enda hafi stefndi ekki gert samning um tilflutning vinnuskyldu við starfsfólk hjá stefnda samkvæmt grein 2.1.1, auk þess sem grein 2.1.1.1 eigi ekki við.

40 Með stefnda í kröfugerð stefnanda er ljóslega átt við sveitarfélagið Hafnarfjarðarkaupstað. Þá verður að leggja til grundvallar að með stefnanda sé átt við Verkalýðsfélagið Hlíf í Hafnarfirði. Dómur um kröfuna bindur einungis þá aðila, sbr. til hliðsjónar 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, þótt annars vegar Alþýðusamband Íslands fyrir hönd Starfsgreinasambands Íslands og hins vegar Samband íslenskra sveitarfélaga reki málið fyrir þeirra hönd á grundvelli 45. gr. laga nr. 80/1938. Kröfugerðin er nægilega skýr og fullnægir málatilbúnaður stefnanda

þeim kröfum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938. Verður málinu því ekki vísað frá dómi án kröfu, eins og stefndi telur rétt að gera.

41 Í grein 2.1.1 er afdráttarlaust kveðið á um að vinnuvika starfsfólks í fullu starfi sé 36 virkar vinnustundir, en að heimilt sé að semja við starfsfólk um tilflutning vinnuskyldu milli vikna eða árstíða. Tekur greinin samkvæmt efni sínu almennt til starfsfólks og standa engin rök til þess að álykta að hún eigi ekki við um starfsfólk leikskóla, eins og stefnandi hefur vísað til.

42 Ekki eru frekari fyrirmæli í kjarasamningnum sem varpa skýru ljósi á hvað átt er við með „tilflutningi vinnuskyldu milli vikna eða árstíða“ eða hvernig beri að standa að gerð samnings um það atriði. Í grein 2.1.1.1, sem er undirgrein 2.1.1, er aftur á móti kveðið á um heimild til að haga vinnutíma starfsfólks, þar sem starfsemi er takmörkuð hluta úr ári, svo sem í grunnskóla, þannig að starfsfólk vinni af sér á starfstíma stofnunar, þá daga sem starfsemi er takmörkuð. Eins og áður er lýst í 5. efnisgrein skal það gert með því að dreifa þeim tíma sem starfsemi „er takmörkuð liggur niðri“, sem jafnast á þá daga sem stofnunin starfar, nema samkomulag sé gert um annað við einstaka starfsmenn. Ágreiningslaust er að þegar vinnutíma er hagað með þeim hætti sem lýst er grein 2.1.1.1 er ekki litið á þær vinnustundir, þar sem starfsfólk vinnur af sér tíma á starfstíma stofnunar, sem yfirvinnu.

43 Þegar litið er til efnis beggja greinanna, greina 2.1.1 og 2.1.1.1, verður að skýra þá fyrri þannig að semja megi við starfsfólk um að vinnuskylda á tilgreindum tíma sé færð á aðrar vikur eða árstíðir. Er þá dregið úr skyldunni í viku eða árstíð sem hún er færð af, en hún aukin í sama mæli í viku, vikum eða á árstíð sem hún er færð til. Slíkur samningur verður þó að samrýmast fyrirmælum greinarinnar um að vinnuvikan sé í grunninn 36 virkar vinnustundir, ella er samningurinn ógildur að því leyti sem hann fer í bága við kjarasamninginn, sbr. 7. gr. laga nr. 80/1936. Sé þessa gætt og samningnum fylgt er ekki unnt að líta svo á að vinna umfram 36 virkar vinnustundir, á þeim dögum sem vinnuskyldan hefur verið færð til, sé yfirvinna sem greiða ber yfirvinnukaup fyrir, sbr. til hliðsjónar grein 2.1.1.1. Er málatilbúnaði stefnanda því hafnað um að haga beri greiðslu fyrir þá vinnu í samræmi við grein 2.3.10. Takist aftur á móti ekki að fylgja samningnum að þessu leyti, þannig að starfsfólki sé gert að vinna umfram vinnuskyldu á tímabili sem hún hefur verið færð af, verður samkvæmt kjarasamningnum að greiða starfsfólki yfirvinnukaup fyrir þá tíma sem það hefur unnið umfram vikulega 36 tíma vinnuskyldu, sbr. kafla 2.3, einkum greinar 2.3.1, 2.3.7 og 2.3.10, sem og grein 1.5.1.

44 Stefndi hefur öðrum þræði stutt sýknukröfu sína við að fyrirkomulag hans um tilflutning vinnuskyldu, sbr. tilkynning 7. febrúar 2025, sé reist á fyrrgreindri grein 2.1.1.1 í kjarasamningi aðila. Greinin áskilur ekki að gerður sé samningur um tilflutning vinnuskyldu, heldur veitir vinnuveitanda heimild til að dreifa vinnuskyldu starfsfólks á dögum, þar sem starfsemi „er takmörkuð liggur niðri“, á þá daga „sem

stofnunin starfar“, eins og þar segir. Á sú heimild einungis við um þær sérstöku aðstæður þegar starfsemi er „takmörkuð hluta úr ári“ og í dæmaskyni vísað til grunnskóla.

45 Í málinu hafa verið lagðar fram upplýsingar af vef stefnda um skipulag á starfi leikskóla í Hafnarfirði. Þar kemur fram að leikskóladagar séu að jafnaði 180 ári, en aðrir dagar séu skráningardagar, en þá þurfi foreldrar að skrá börn sín sérstaklega í leikskólann fyrir ákveðinn tíma. Eru skráningardagar þar sagðir tveir í október og tveir í febrúar, en þá séu vetrarfrí í grunnskólum, í kringum jólin frá 21. desember til og með 2. janúar, þrjá daga í dymbilviku og frá og með 10. júní til 10. ágúst.

46 Stefndi hefur einnig lagt fram skjal sem ber yfirskriftina „Leikskóladagatal 2025 – 2026“. Samkvæmt dagatalinu eru skráningardagar samtals 12 og eru þeir á þeim tíma sem að framan greinir. Ber dagatalið ekki með sér að yfir sumarmánuðina séu skráningadagar, en 13. júlí hefst þó svonefndur Sumarskóli, sem stendur í eina viku. Sumarleyfi nær svo yfir tímabilið frá 20. júlí til 1. ágúst.

47 Samkvæmt framansögðu eru leikskólar í Hafnarfirði opnir á skráningardögum, þótt starfsemin sé þá almennt takmarkaðri en aðra daga. Í framburði varaformanns stefnanda, Gundega Jaunlinina, kom fram að fagmenntað starfsfólk njóti forgangs að fríum á þeim dögum, og því væri einkum félagsfólk stefnanda þá við störf.

48 Að teknu tilliti til þeirra upplýsinga sem lagðar hafa verið fyrir Félagsdóm um starfstíma leikskóla stefnda hafa ekki verið leiddar sönnur að því að skilyrðum fyrir beitingu greinar 2.1.1.1 sé fullnægt gagnvart félagsfólki stefnanda, enda starfsemi leikskólanna ekki takmörkuð hluta úr ári, eins og þar er áskilið, þótt þeim sé lokað yfir hásumarið og að dregið sé úr starfseminni á einstökum tímabilum.

49 Kemur þá til skoðunar hvort samið hafi verið um tilflutning á vinnuskyldu leikskólastarfsfólks, eins og heimilt er samkvæmt grein 2.1.1. Fyrirliggjandi tilkynningar um tilflutning á vinnuskyldu leikskólastarfsmanna eru ekki settar fram sem tilboð, heldur er þar gengið út frá samþykki félagsfólks stefnanda. Þar er mælt fyrir um 37 tíma vikulega vinnuskyldu og að ein klukkustund á viku safnist í „frítökubanka“. Vilji starfsfólk ekki lúta þessu fyrirkomulagi, og vinna áfram 36 virkar vinnustundir á viku, þarf að láta yfirmann vita. Hafi fyrirkomulagið tekið gildi og berist tilkynning um breytingu innan tilgreinds tímafrests tekur hún ekki gildi fyrr en um áramót. Ekki eru heldur gefin skýr fyrirheit af hálfu stefnda hvenær unnt sé að taka út úr „frítökubankanum“, einungis að reynt verði eftir fremsta megni að koma til móts við óskir starfsfólks um frídaga. Er því óljóst af hvaða dögum vinnuskyldan er flutt þegar vinnan er leyst af hendi. Aftur á móti er mælt fyrir um að uppsafnaðan tíma þurfi að taka út innan almanaksársins.

50 Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið er ekki unnt að fallast á að stefndi hafi samið við leikskólastarfsfólk um tilflutning vinnuskyldu milli vikna eða árstíða á grundvelli greinar 2.1.1 í kjarasamningi aðila. Bera tilkynningarnar þannig ekki með sér að vera

reistar á samningi við starfsfólk. Breytir í því sambandi engu þótt frumkvæði að þeim breytingum sem tilkynningarnar lúti að kunni að hafa komið frá leikskólastarfsfólki og að það geti vikið sér undan fyrirmælum stefnda. Þá skiptir einnig máli að ekki er ljóst af tilkynningunum af hvaða tímabili vikuleg viðbótarklukkustund er flutt.

51 Að þessu gættu og með vísan til þess sem áður er rakið verður að leggja til grundvallar að fyrri liður greinar 2.1.1 í kjarasamningi aðila gildi, þannig að vinnuvika starfsfólks í fullu starfi eigi að vera 36 virkar vinnustundir, en ekki 37 vinnustundir eins og tilkynningarnar bera með sér. Í samræmi við grein 2.3.1 ber jafnframt að líta svo á að vikuleg vinna umfram það sé yfirvinna. Setja framangreind ákvæði kjarasamningsins að þessu leyti skorður við stjórnunarrétti vinnuveitanda. Með þessum rökum verður fyrri krafa stefnanda tekin til greina eins og í dómsorði greinir.

52 Af framansögðu leiðir að stefnda er skylt að greiða félagsmönnum stefnanda fullt yfirvinnukaup fyrir vinnu umfram 36 virkar vinnustundir á viku, sbr. greinar 1.5.1 og 2.3.7 í kjarasamningi aðila, nema að samkomulag sé í gildi um söfnun frídaga vegna yfirvinnu samkvæmt grein 2.3.10 í kjarasamningi aðila, en þá ber að greiða yfirvinnuálag, eins og þar er kveðið á um. Með þeim fyrirvara, sem stefnandi raunar gerir grein fyrir í rökstuðningi fyrir kröfugerð sinni, verður jafnframt fallist á síðari kröfu stefnanda, eins og í dómsorði greinir.

53 Að virtum úrslitum málsins verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Viðurkennt er að vinna félagsmanna stefnanda, Verkalýðsfélagsins Hlífar, sem starfa á leikskólum hjá stefnda, Hafnarfjarðarkaupstað, umfram 36 virkar vinnustundir á viku, sé yfirvinna í skilningi greinar 2.3.1 í kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Jafnframt er viðurkennt að stefndi skuli greiða félagsmönnum stefnanda, sem starfa á leikskólum hjá stefnda, yfirvinnukaup samkvæmt grein 1.5.1 í sama kjarasamningi fyrir vinnu umfram 36 virkar vinnustundir á viku.

Stefndi greiði stefnanda 600.000 krónur í málskostnað.

Ásmundur Helgason

Björn L. Bergsson

Hólmfríður Grímsdóttir

Karl Ó. Karlsson